

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 97

október 2004

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 19. október 2004 kl. 20:00 í Norræna Húsinu

Ískjarnarannsóknir; 35 ára leit að dýpstu leyndardómum jöklana
Sigfús Johnsen

Undraheimur íshellanna
Jóhann Ísberg

HAUSTFUNDUR

Síðastliðin 35 ár hafa verið orðið stórstígar framfarir í rannsóknum á jöklum um allan heim. Eitt mikilsverðasta framlagið hafa verið djúpboranir í stóru jöklana, Grænlandsjökul og íshvel Suðurskautslandsins. Á Grænlandi hafa ískjarnar svipt hulunni af veðurfari á síðasta jökulskeiði og seinni hluta Eem hlýskeiðsins. Grænlandsjökull hefur líka varðveitt ummerki um stærstu eldgos á jörðu síðustu 100 þúsund árin. Nýjustu boranir á Suðurskautslandinu hafa veitt upplýsingar um veðurfar 800 þúsund ár aftur í tímann. Þessar rannsóknir hafa á síðustu árum öðlast aukið gildi vegna umræðunnar um gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar í kjölfar þeirra. Í þessi 35 ár hefur Sigfús Johnsen verið lykilmáður í djúpborunum í jökla og staðið í fremstu röð vísindamanna við að skilja og túlka þá sögu sem jöklarnir varðveita. Sigfús býr og starfar í Kaupmannahöfn en var meira en tilbúinn að gera sér ferð til Íslands til að segja frá rannsóknum sínum á haustfundi Jökларannsóknafélagsins.

Eftir hlé mun Jóhann Ísberg sýna myndir sem hann hefur tekið í íshellum. Jóhann hefur nánast gert slíkar myndir að sérgrein sinni og gefst félögum því gott tækifæri til að sjá innviði jöklanna á sýningu hans.

ÁRHÁTÍÐ 13. NÓVEMBER

Þá er komið að hinni margrómuðu árhátíð félagsins en hún verður haldin þann 13. nóvember næstkomandi. Staðsetning er að sjálfsögðu hernaðarleyndarmál eins og venja ber til en fordrykkur mun verða í Öskju í boði hinnar nýju Jarðvísindastofnunar Háskólans og er mæting þar kl. 18:00. Árhátíðarnefnd reiknar fastlega með að ná upp sama stuði og stemningu og verið hefur undanfarið á árhátíðum. Miðana verður hægt að nálgast hjá Finni á Raunvísindastofnun (525-4936), Árna Páli á Eldshöfða 15, (662-2383), Ástvaldi á Rakarastofunni Dalbraut, (568-6312) og hjá árhátíðarnefndinni: Sjöfn, (659-4936), Freyr, (693-3022), Leifur, (895-1187) og Jóna Bryndís, (847-8392).

VORFERÐ 2004

Vorferðin tókst ákaflega vel í þetta sinn og átti veðrið stóran þátt í því. Var veðurblíða með slíkum eindæmum að elstu menn muna vart annað eins. Bjartviðri var allan tímann og frá og með mánudegi 7. júní lék heiðrikja og hægviðri við hópinn. Farið var frá Select við Vesturlandsveg. Nokkur töf varð á brottför þar sem dráttarbíllinn sem flutti snjóbíllinn var upptekinn í öðru verki fram eftir föstudagskvöldi. Því kom hópurninn ekki inn í Jökulheima fyrr en milli kl 3 og 4 aðfaranótt laugardags. Ferðin upp Tungnaárjökul laugardaginn 5. júní var áfallalaus. Á sunnudag hófust mælingar í Gjálp og víðar. Þá kom einnig á jökul gestur okkar, Siv Friðleifsdóttir Umhverfisráðherra. Hún fór síðan með á Öræfajökul á mánudag þegar mæld var hæð Hvannadalshnúks í fyrsta sinn með nákvæmum GPS tækjum. Á þriðjudag hélt Siv ásamt nokkrum þátttakendum til byggða en þrír nýir bættust í hópinn. Verkefnum var að mestu lokið á miðvikudagskvöld. Á fimmtudeginum 10. júní var því efnt til ferðar í Kverkfjöll og verður hún eftirminnileg þeim sem hana fóru. Frá Jörfa, hæsta tindu Kverkfjalla, sást um heima alla.

Óhemju mikil ísing var utaná húsunum eftir veturinn. Mannfrekasta verkefnið í ferðinni var að moka frá húsunum og bera á þau. Þó var suðurhlið gamla skála látin eiga sig vegna snjó- og ísmagns.

Að venju var vatnshæð Grímsvatna mæld, og reyndist hún 1407 m y.s. en það er hærra en verið hefur eftir Grímsvatnagos 1998. Vetrarafkoma var mæld á nokkrum stöðum. Í Grímsvötnum var þykkt vetrarlagsins 5,33 m sem er í rúmu meðallagi. GPS landmælingar voru gerðar á Saltaranum og í Jökulheimum auk þess sem fastmerki var komið fyrir á rananum norðan Kverkfjallaskála. Vitjað var um veðurstöðvar Landsvirkjunar og Raunvísindastofnunar á Brúarjökli og víðar. Hæð Hvannadalshnúks var mæld í tölfræði þess að í vor voru 100 ár liðin frá því J.P. Koch mældi Hnúkinn 2119 m y.s. Í vor fékkst hæðin 2111 m sem bendir til að eldri talan sé heldur of há. Reynt verður að mæla aftur á Hvannadalshnúk næsta sumar, til að staðfesta nýja tölu á þessum hæsta tindu Íslands. Í Gjálp og



Horft til Hvannadalshnúks í morgunsól frá Jökulbaki þann 7. júní.

Grímsvötnum voru breytingar á jarðhita kannaðar með kortlagningu jökulsins. Auk þess var fjöldi ísskriðsstika settur upp og mældur inn með GPS, bæði í Gjálp og við Skaftárkatla. Gígurinn frá 1998 var kannaður, sýni tekin og hitastig í gígveggjunum mælt. Vesturbarmur gígsins er nú mjög hruninn og siginn ofan í vötnin. Farartæki í ferðinni voru snjóbíll Landsvirkjunar, Ford JÖRFÍ, jeppar og vélsleðar. Vegagerðin styrkti eldsneytiskaup og flutninga í ferðinni með fjárframlagi. Eru Landsvirkjun og Vegagerðinni færðar bestu þakkir fyrir samstarf og stuðning. Fararstjóri var Magnús Tumi en Sjöfn sá um matarinnkaup og stjórnaði birgðahaldi í ferðinni.

Vegna hlýinda síðastliðinn vetur og vor var sporður Tungnaárjökuls orðinn snjólaus upp í 900-950 m hæð. Á heimleiðinni var ísinn orðinn æði ósléttur. Einn þátttakanda meiddist lítilsháttar þegar vélsleði valt í ísbröltinu. Sem betur fer slapp hann með tognun á ökla.



Pétur Þorleifsson, Guðrun Thorarensen, Magnús Hallgrímsson, Hlíf Ólafsdóttir, Leifur Jónsson og Ingibjörg Árnadóttir á Jörfa, hæsta tindu Kverkfjalla 10. júní síðastliðinn.

Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra náði að skoða Tungnaárjökul, Gjalp, Grímsvötn og Örafajökul í þriggja daga heimsókn sinni. Hún reyndist hinn ötulasti ferðafélagi og mjög áhugasöm um hvaðeina sem viðkom jöklinum og félaginu. Á mánudagskvöldinu hélt Siv móttöku fyrir þátttakendur á Grímsfjalli og gerði Jöklafélagsfólk veigunum dregileg skil. Mun þetta vera hæsta ráðherramóttaka sem haldin hefur verið á Íslandi.

Magnús Tumi Guðmundsson

SUMARFERÐ Í TINDFJÖLL

Farið var í Tindfjöll helgina 2.-4. júlí. Magnús Hallgrímsson var mættur snemma í skála sinn og tók á móti fólki á föstudagskvöldinu. Frekar var þungbúið þessa helgi og þoka lá yfir eins og í ferðinni fyrir 5 árum. Nágrennið var skoðað en göngur á hæstu tindu látur bíða betra skyggis. Íshellir í gilinu austan skálans var kannaður en hann er í jökulfönn sem hóf að myndast um 1970, og lifir hún enn og lætur sig engu varða hrakspár um líf og heilsu jökla í hlýnandi veðurfari. Í ferðinni voru 16 manns en að auki sótti hópin heim 6 manna kvikmyndatökulið. Gisti það fólk í skála ÍSALP.

LANDMÆLINGAR Á VATNAJÖKLI

Dagana 6.-10. ágúst stóð félagið að mælingaleiðangri á Grímsfjall í tengslum við endurmælingu Landmælinga Íslands á grunnstöðvaneti landsins. Félagið tók að sér þennan þátt mælinganna en Grímsfjall er erfiðasti og afskekktasti punktur í landsnetinu. Magnús Þór Karlsson var fararstjóri en í ferðina fóru bíll félagsins og bíll Úlfars Marinóssonar. Fluttu þeir tvo landmælingamenn og GPS tæki þeirra frá Skálarfellsjökli og hófst mælingin kl. 11 að morgni 7. ágúst. Tækið stóð síðan á landmælingapunktinum á Saltaranum til kl. 8 að morgni þriðjudags 10. ágúst. Á bakaleið bilaði Fordinn en með tilfæringum tókst að koma bílnum niður undir Jöklael. Hann var síðan sóttur nokkru síðar.



Borun í Jökulheimum.

BORUN Í JÖKULHEIMUM

Dagana 16.-18. ágúst var hrint í framkvæmd miklu þarfaverki í Jökulheimum. Magnús Hallgrímsson fór með tveimur bormönnum Ræktunarsambands Flóa og Skeiða og voru boraðar tvær 20 m djúpar holur, ein við hvorn skála. Holurnar voru fóðraðar niður í botn en vatnsborð er á um 8 m dýpi. Gert er ráð fyrir að dælum og lögnum verði komið fyrir nú í október og verður þá komið rennandi vatn í bæði húsin. Þetta verkefni kostar sitt en 500 þúsund króna styrkur fékkst frá Ferðamálaráði. Þá styrkti Ræktunarsambandið verkið með því að taka algert lágmarksgjald fyrir borunina.

JÖKLAR Í VANSKILUM!

Svo illa vildi til þegar Jökull var sendur út í febrúar, að á listann yfir skuldlausa félagsmenn, sem við fengum frá bankanum, vantað þá sem borgað höfðu fyrir gjalddaga. Þannig að þeir sem allra skilvísastir voru lentu sem skuldarar og fengu ekki Jökul á réttum tíma. Viljum við biðja hlutaðeigandi velvirðingar á þessum mistökum. Úr þessu hefur nú verið bætt og í framtíðinni munum við ekki trúa listum bankans í blindni. Ef einhver félagsmaður hefur borgað félagsgjaldið, en ekki fengið hefti 53 af Jökli, er viðkomandi beðinn um að hafa sem skjótast samband við gjaldkera. Eins ef einhver vantar eldri hefti þrátt fyrir að vera í skilum þá hafið samband.

Steinunn S. Jakobsdóttir
gjaldkeri JÖRFÍ
stjorn@jorfi.is